

11.6.1927.

(1)

landsfundur landsfundur landsfundur

A f d r i f a r í k u r l a n d s f u n d u r

Nú er enn einn landsfundur Kvennalistans að baki og það hefur varla farið framhjá nokkurri Kvennalistakonu að hann hafði nokkrar afleiðingar fyrir samtökin og þá ekki síður þingflokkinn. Sjálfur var fundurinn þó bæði fjölsóttur og kröftugur og að mörgu leyti mjög skemmtilegur. Þegar mest var voru vel á 8. tug kvenna á fundinum og það þykir okkur nokkuð gott.

Á fimmtudagskvöldinu fyrir landsfund fengum við til okkar góðan gest frá Svíþjóð, dr. Agnetu Stark prófessor við Stokkhólmsháskóla. Hún hélt erindi undir yfirskriftinni „Hvernig koma má landsfeðrunum á jafnréttisnámskeið“ á opnum fundi í Norræna húsinu. (Væntanlega hafa margar séð viðtalið við hana í Sjónvarpinu þriðjudagskvöldið 2. desember.) Hún hefur, ásamt tölfiræðingnum Birgittu Hedmann, kennt helstu ráðamönnum Svíþjóðar að skoða málín útfra sjónarhóli kynjanna.

Fyrirlesturinn var bæði fræðandi og skemmtilegur. Þar fyrir utan hefur hann nýst okkur vel því þingflokkur Kvennalistans er þegar búinn að leggja fram þingsályktunartillögu um svipaða jafnréttisfræðslu fyrir hérlelda „landsfeður“.

Á föstudagsmorgni drakk Agneta morgunkaffi í fundarherbergi Kvennalistans ásamt þingflokknum, jafnréttisfulltrúum Reykjavíkur og Akureyrar, fulltrúum frá Skrifstofu jafnréttismála og konum ofan úr Háskóla. Ég held að ég taki ekkert of stórt uppí mig þó ég segi að sá fundur hafi verið enn gagnlegri á suman hátt því þar talaði hún meira um praktísku hliðarnar. Hún hefur mikla reynslu af kvennabaráttu, m.a. var hún ein af stuðningssokkunum (með tilvísun t.d. til rauðsokka) sem var einskonar neðanjarðarstuðningshópur fyrir konur. Svo tók hún flugið heim til Svíþjóðar.

Á föstudagskvöldi var ekið uppá Úlfljótsvatn þar sem ungu stelpurnar í Kvennalistanum áttu kvöldið. Hljómsveitin Á tún stillti upp hljóðkerfi og hélt alvöru tónleika fyrir okkur. Síðan höfðu þær Á tún-stelpur og nokkrar vinkonur þeirra nokkurskonar framsögu um það hvernig það birtist þeim að vera ung kona í dag. Og einsog nærrí má geta spunnust líflegar umræður um málið enda hver með sína skoðun.

Á laugardagsmorgni var landsfundurinn formlega settur og hófst hann að vanda með lestri á skýrslu framkvæmdaráðs og endurskoðuðum reikningum samtakanna. Þá sagði þingflokkurinn frá því helsta í sínum störfum og sat fyrir svörum.

Yfirskrift fundarins var „Er vilji fyrir jafnri stöðu kynjanna á Íslandi?“. Í tengslum við hana voru flutt 3 erindi. Brynhildur Flóvenz flutti erindið „Hvernig getum við bylt jafnréttislögnum?“ (sjá nýjasta tbl. Veru) en hún hefur að undanförnu rýnt grannt í jafnréttislöggjöfina sem hún auk þess þekkir mjög vel úr starfi sínu sem lögfraðingur á Skrifstofu jafnréttismála. Ingibjörg Sólrun Gísladóttir talaði um þær aðferðir sem notaðar hafa verið hjá Reykjavíkurborg til þess að réttu hlut kvenna.

landsfundur landsfundur landsfundur

Erindi sitt kallaði hún að sjálfsögðu „Þegar viljinn er fyrir hendi“. Síðasta erindið fyrir hópastarf flutti Ásdís Ólsen fjölmíðlafræðingur, „Fjölmíðlar — eitthvað fyrir alla, konur og kalla?“ (sjá einnig nýjasta tbl. Veru) en konur hafa ekki átt greiðan aðgang að áhrifastöðum í þeim geiranum. Fundarkonur skiptu sér síðan í 4 starfhópa, einn um jafnréttislöggjöfina, annan um sveitarstjórnarmál, þriðja um fjölmíðla og þann fjórða um jafnréttismenntun. Og með því lauk formlegu fundarhaldi á þessum laugardegi sem a.m.k. allar konur sem fréttabréfið hefur heyrt í voru hæstanægðar með. Skemmtileg erindi, skemmtilegar umræður, góður andlegur innblástur. Og ekki má gleyma því að uppáhaldshljómsveitin okkar allra „Á tún“ hélt aðra tónleika í hádeginu á laugardeginum fyrir þær sem misstu af þeim á föstudagskvöldinu.

Laugardagskvöldið var að vanda veislukvöld og að þessu sinni var sérlega mikið fjör í konum. Guðrún Ögmundsdóttir stýrði veislunni af röggsemi, á íslensku og færeysku til skiptis. Hún hafði gefið út þau boð að húsin tækju sig saman tvö og tvö og undirbyggju skemmtiatriði. Þessi háttur reyndist frábærlega vel. Útkoman varð fullkomíð fjöllistahanastél - söngur, dans, drama, sirkus og stigu sum atriðin hárfínan líndans á ystu brún velsæmismarka Kvennalistans — án þess þó að hrapa framaf. Auðvitað var svo stiginn villtur dans frameftir nótta.

Sunnudagurinn hófst á því að starfshópar laugardagsins kynntu niðurstöður sínar og drög að ályktun fundarins voru kynnt. Að því loknu upphófust umræður um framboðsmál undir yfirskriftinni „...og áfram með smjörið“. Sólveig Jónasdóttir hóf umræður um sveitarstjórnarmál og var algjör einhugur um þau — Kvennalistakonur um allt land hvattar til að taka þátt. Samþykkt starfshóps um sveitarstjórnarmál þess efnis hlaut einróma stuðning. Að því loknu opnaði Jóna Valgerður Kristjánasdóttir umræðuna um Alþingiskosningarnar 1999.

Hulda Ólafsdóttir, ein af talskonum Hóps Kvennalistakvenna sem starfaði frá Samráðsfundi í ágúst s.l., sagði frá hugmyndum hópsins og lagði fram tillögu um að Kvennalistinn gengi til viðræðna um samstarf við Jafnaðarmenn, Alþýðubandalag og aðra hópa. Hópur Kvennalistakvenna var ekki allur mættur til fundarins en hinsvegar voru þar margar aðrar sem gjarnan vildu skrifa undir tillöguna. Því var ákveðið að í stað undirskriftar skyldu konur rísa úr sætum aust þess sem einhverjar konur trúðu því að með því yrði hægt að komast hjá atkvæðagreiðslu. Mikill meirihluti fundarkvenna reis úr sætum sínum eftir að tillagan hafði verið flutt. Andstæðingar tillögunnar voru ósáttar við þessa aðgerð og vildu meina hún væri í sjálfu sér atkvæðagreiðsla. Það sem eftir var dagsins fór í umræður um tillöguna og að lokum var hún borin undir atkvæði mkeð nafnakalli. Niðurstaðan varð að 38 sögðu já, 16 sögðu nei og 6 sátu hjá. Í lokin var svo gengið frá ályktun fundarins og eru allar ályktanir og samþykktir fundarins birtar hér í fréttabréfinu.

11.6.1997 -



landsfundur landsfundur landsfundur

Fundurinn fór mjög vel fram enda laut hann góðri stjórn öruggra fundarstjóra. Þær voru Hólmfríður Garðarsdóttir og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir á laugardegi og Jóhanna Eyjólfssdóttir og Sigrún Jónsdóttir á sunnudeginum. Ragnheiður Sigurjónsdóttir var í hlutverki gestgjafa á föstudagskvöldi og tók vel á móti ungu konunum.

Afleiðingar fundarins hafa væntanlega ekki farið framhjá mörgum Kvennalistakonum en þingflokkurinn klofnæði þar sem Kristín Ástgeirs dóttir sætti sig ekki við samþykkt tillögunnar umræddu og sagði skilið við þingflokk og samtök. Nokkrar aðrar konur hafa einnig yfirgefíð samtökin af sömu ástæðu en í staðinn hafa álika margar konur gengið til liðs við samtökin svo félagaskráin hefur ekki rýmað mikið þegar á heildina er litið. Sem framkvæmdastýra samtakanna vona ég að áhrif úrsagnanna verði ekki mikil og er gaman að geta þess að í síðustu fylgiskönnun flokkanna hafði fylgi Kvennalistans aukist um 50% og það styður þessa von fremur en hitt. Nú er það í verkahring hvers anga um sig að framfylgja samþykkt landsfundar og kjósa 1-3 fulltrúa í viðræðunefndina. Það hefur reyndar þegar verið gert í öngunum hér á suðvesturhorninu (sbr. angafréttir). Aðrir angar eru hér minntir á sínar skyldur.

Áslaug Thorlacius

Tillaga hóps Kvennalistakvenna um samstarf við aðra flokka
Lögð fram á landsundi 16. nóvember 1997

Landsfundur Kvennalistans, haldinn að Úlfljótsvatni
14. - 16. nóvember 1997 samþykkir að:

Kvennalistinn taki þátt í viðræðum um sameiginlegan málefnavgrundvöll Kvennalista, Jafnaðarmanna, Alþýðubandalags og annarra hópa, vegna alþingiskosninga árið 1999.

Markmið þeirra viðræðna verði, af hálfu Kvennalistans, að kvenfrelsissjónarmið verði í fyrirrumí i allri málefnavinnu og samþættingar- aðferðin verði notuð í því skyni.

Jafnframt verði þess gætt að jafnræði verði með kynjunum á öllum sviðum samstarfsins.

Forgangsverkefni þessa samstarfs verður að koma á kvenfrelsi og jafnrétti í reynd.

Kvennalistinn leggur áherslu á valddreifingu meðal annars með því að samstarfsaðilar skipi talsmann fyrir hvern málauflokk.

Félagsfundir anganna kjósi 1-3 fulltrúa í samstarfsnefnd. Nefndin skiptir með sér verkum eftir þörfum.

Niðurstöður viðræðna verði lagðar fyrir landsfund Kvennalistans til ákvörðunar.

landsfundarályktun landsfundarályktun

15. landsfundur Samtaka um Kvennalista, haldinn að Úlfljótsvatni í Grafningi helgina 14.-16. nóvember 1997 undir yfirkriftinni „Er vilji fyrir jafnri stöðu kynjanna á Íslandi?“ vill áréttu að pólitískur vilji sé forsenda breytinga.

Íslensk kvennabarátta hefur fært konum og um leið samfélaginu í heild mikilsverðan ávinnung á mörgum sviðum. Margt er þó óunnið sem kallað á hugmyndir, tillögur og samstöðu kvenna. Íslensku samfélagi verður ekki breytt án öflugrar þátttöku kvenna í stjórnmálum nú og til framtíðar.

Það er gömul og ný reynsla að orð og efndir fara ekki alltaf saman. Eitt helsta viðfangsefni kvennabaráttunnar nú er því að þrýsta á um framkvæmd skjalfestrar stefnu um jafnan rétt og jafna stöðu kynjanna. Það er nú svo komið að Íslendingar standa sig allvel í samanburði við flestar þjóðir í þeim efnunum og hafa fengið lof fyrir frammistöðu sína hjá alþjóðlegum eftirlitsaðilum. Íslensk löggjöf um jafna stöðu kvenna og karla þykir um margt góð og íslensk stjórnvöld hafa staðfest alþjóðasamninga og yfirlýsingar um réttindi og bætta stöðu kvenna. En lög og sáttmálar eru eitt og raunveruleikinn er oft talsvert annar. Staða kynjanna er enn langt frá því að vera sambærileg. Því verður að tryggja að orð leiði til athafna.

Á síðustu árum hefur sú stefna rutt sér æ meira til rúms víða um lönd að fléttu þurfi sjónarmið kynjabaráttu inn í alla þætti mannlegra samskipta, stjórnunar og hverskonar starfsemi. Kvennalistakonur fagna þessari stefnu vegna þess að hún er endurómun af áherslum Kvennalistans frá upphafi um að ávallt þurfi að hafa stöðu kyjanna í huga við stefnumótun, lagasetningu, áætlanir og framkvæmd mála. Íslensk stjórnvöld hafa á alþjóðavettvangi skuldbundið sig til að framfylgja þessari stefnu og íslenskar konur krefjast þess að henni verði framfylgt. Þær sættu sig ekki við sýndarjafnrétti og vilja nú sjá jafnrétti í verki. Málefnahópur um fjöldiðla

Ályktun landsfundar 1997 um sveitarstjórnarmál

Á undanförnum árum hafa stórir og mikilvægir málauflokkar flust yfir til sveitarfélaganna og því er enn mikilvægara en fyrr að konur komi að ákvarðanatöku á þeim vettvangi.

Landsfundurinn telur brýnt að Kvennalistakonur um allt land taki virkan þátt í komandi sveitarstjórnarkosningum því mikilvægt er að rödd kvenfrelsис og jafnréttis heyrist sem víðast.

Landsfundur Kvennalistans lýsir ánægju sinni með virkni Kvennalistakvenna víða um land við undirbúning komandi sveitarstjórnarkosninga og hvetur konur til öflugrar kvenfrelsissóknar.

landsfundur landsfundur landsfundur

Samantekt fjölmíðlahóps

Málefnahópur um fjölmíðla á landsfundi Kvennalistans 14. - 16. nóvember lýsir yfir áhyggjum sínum af rýrum hlut kvenna í íslenskum fjölmíðlum.

Fjölmíðlar hefa mikil áhrif á þjóðfélagið og er vald þeirra vandmeðfarið. Því teljum við nauðsynlegt að efnistök og starfsmannastefnu fjölmíðla endurspeglí þjóðfélagið í heild en ekki aðeins hluta þess.

Við viljum leita leiða til þess að breyta staðlaðri ímynd kvenna í fjölmíðlum, þannig að konur séu ekki njörvaðar niður í ákveðin hlutverk. Við teljum nauðsynlegt að efnisval, áherslur og fréttaval fjölmíðla endurspeglí þá staðreynd að konur eru rúmur helmingur þjóðarinnar. Þess vegna viljum við jafna hlut kynjanna innan fjölmíðlanna og gera konum kleift að gegna þar áhrifastöðum, ekki síður en körlum.

Til að ná þessum markmiðum viljum við bæta inn í útvarpslög almennum ákvæðum um að gæta beri jafnréttis í starfsmannastefnu og efnisvali allra ljósvakamiðla. Að auki gerum við sérstaka kröfu til Ríkisútvarpsins, fjölmíðils allra landsmanna, hvað varðar jafnan hlut kynjanna. Því skorum við á menntamálaráðherra að sjá til þess að Ríkisútvarið geri jafnréttisáætlunar eins og öllum ríkisstofnunum er skylt að gera.

Jólagleðskapur

Kvennalistarnir á suðvesturhorninu héldu að þessu sinni jólagleði með breyttu sniði. Vaninn undanfarin ár hefur verið að safnast saman í höfuðstöðvunum og hita glögg en nú var stormað í Kaffileikhúsið fimmtudagskvöldið 11. desember, borðuð tvíréttuð máltíð og hlýtt á upplestur úr jólabókum. Alls mættu á milli 50 og 60 manns til gleðinnar en að þessu sinni var hvatt til þess að hafa maka og vini með. Ekki tóku allar þá hvatningu mjög alvarlega en þó mátti sjá karl og karl á stangli í salnum. Fyrst var drukkin lystaukandi jólaglögg, síðan var borin fram jólasúpa og loks fékk hver gestur sinn disk með ýmsum skrautlegum smáréttum. Að vísu las Gunnar Dal ekki uppúr bók sinni „Í dag varð ég kona“ heldur sagði hann frá henni og hugmyndinni að baki henni. Kristín Ómarsdóttir las hinsvegar kafla úr bók sinni „Elskan míن ég dey“. Bæði voru þau bráðskemmtileg og var gerður góður rómur að uppátaekinu. Ekki var fleira til skemmtunar annað en spjalla veislustjórans Kristínar Blöndal enda þurfa Kvennalistakonur svo mikil að spjalla saman að ekki má eyða of miklum tíma í formleg atriði. Gleðskapurinn stóð nokkuð framyfir miðnætti þrátt fyrir vinnudag daginn eftir og er það trú fréttabréfsins að flestir gestir hafi haft nokkra skemmtun af. Þess má að lokum geta að þetta kvöld gengu 5 nýjar konur inní Kvennalistans og það er mikils virði.

11.11.1997

3

angafréttir angafréttir angafréttir

Fréttir úr Reykjavíkuranga

Félagsfundur var haldinn í Reykjavíkuranga miðvikudaginn 3. desember. Margt var á dagskrá en fundurinn hófst á borgarmálunum. Tillaga Samráðs Reykjavíkurlistans um tilhögun prófkjörs var kynnt og samþykkt. Tillagan er birt hér í fréttabréfinu. Síðan var niðurstaða uppstillingarnefndar kynnt og samþykkt en í henni sátu Guðrún Ögmundsdóttir, Sigrún Sigurðardóttir og Áslaug Thorlacius. Niðurstaðan er einnig birt annarsstaðar hér fyrir neðan. Þá voru Sigurbjörg Ásgeirsdóttir, Jóhanna Eyjólfssdóttir og Jakobína Ólafsdóttir kjörnar í Samráð Reykjavíkurlistans en Guðrún Ögmundsdóttir og Hulda Ólafsdóttir skipta með séi setu í kjörnefnd R-listans. Í viðræðunefndina við aðra flokka og hópa voru kjörnar þær Guðrún Guðbjörnsdóttir, Hulda Ólafsdóttir og Sjöfn Kristjánsdóttir. Þær hinrar sömu voru einmitt talsmenn Hóps Kvennalistakvenna sem starfaði frá Samráði fram að Landsfundi. Til vara voru kjörnar Guðrún Ögmundsdóttir, Þórunn Ísfeld og Þórunn Sveinbjarnardóttir. Ásdís Ólsen tók sæti í framkvæmdanefnd angans en Ragnhildur Helgadóttir gekk í framkvæmdaráð fyrir hönd grasrótarinnar. Salóme Guðmundsdóttir var kjörin aðalfulltrúi í Samráð Kvennalistans en Jóhanna Eyjólfssdóttir til vara.

Niðurstaður uppstillingarnefndar Kvennalistans í Reykjavík vegna prófkjörs Reykjavíkurlistans 1998

Fulltrúar Kvennalista:

Drífa Snaðal formaður Iðnnemasambands Íslands
Guðrún Erla Geirsdóttir myndlistarkona

Kristín Blöndal myndlistarkona

Ragnhildur Helgadóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur
Sólveig Jónasdóttir útgáfu- og kynningarfulltrúi
Steinunn V. Óskarsdóttir borgarfulltrúi

Fulltrúi óháðra á lista Kvennalistans:

Kolbrún Jónsdóttir breppsnefndarmaður á Kjalarnesi